

## Kennsluáætlun

## Stærðfræði í 4. bekk

Í stærðfræði eru 5 kennslustundir á viku í 4. bekk. Kennari er Jakobína Gunnarsdóttir Michelsen.

## Vinnulag

Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti. Nemendur vinna ýmist í nemendabókum, ýmis aukaverkefni, vinna í Ipad og tölvum, PALS og fást við hlutbundna vinnu með áþreifanlegum hjálpartækjum s.s. smáhlutasöfnum, kubbum, formum o.fl. Nemendur skila heimanámi samkvæmt áætlun.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: hnitakerfið, tölur stærri en 1000 og minni en 0, samlagning og frádráttur, tími, klukka, margföldun og deiling, samhverfa og mynstur. Meginviðfangsefni vorannarinnar eru: samhverfa og mynstur, ummál og flatarmál, margföldun og deiling, mælingar og tugabrot, almenn brot, reikningur, tölfræði.

## Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Tölur	Sproti 4a og 4b PALS Osma	<b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sett upp dæmi, tekið til láns og geymt 3-4 stafa tölur.</li> <li>• lesið, skrifað og raðað tölum upp í 10000</li> <li>• lesið og skilið orðadæmi og leyst þau á viðeigandi hátt.</li> <li>• þekkt negatífar tölur og geti reiknað einföld dæmi.</li> <li>• nýtt margföldunartöflunar.</li> </ul>	Kaflapróf Tímaverkefni

		<ul style="list-style-type: none"> <li>• námundað tölur að næsta tug eða hundraði.</li> <li>• þekkt almenn brot sem hluta af heild.</li> <li>• skilið deilingu og geti reiknað einföld deilingadæmi.</li> <li>• staðsett þriggja stafa tölur á talnalínu.</li> <li>• þekkt hugtökin teljari og nefnari.</li> </ul>	
<b>Rúmfræði</b>	Sproti 4a og 4b Osma	<b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• þekkt speglun, búið til samhverfar myndir og fundið spegilása.</li> <li>• staðsett reit eða punkt í hnitakerfi.</li> </ul>	Kaflapróf Tímaverkefni
<b>Mælingar</b>	Sproti 4a og 4b	<b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• áætlað, mælt og borið saman lengdir, þyngd, flatarmál og rúmmál.</li> <li>• notað hentug mælitæki og lesið af kvörðum.</li> <li>• lesið á klukku og skráð tímasetningu, bæði með klukkuskífu og stafrænt.</li> <li>• þekkt íslenskar myntir og geti notað þær við kaup og sölu.</li> </ul>	Kaflapróf Tímaverkefni
<b>Tölfræði</b>	Sproti 4a	<b>Nemandi getur ...</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• gert einfaldar kannanir, safnað upplýsingum og flokkað, talið og sýnt niðurstöður í töflum og súlurítum.</li> <li>• lesið úr einföldum súlurítum.</li> </ul>	Kaflapróf Tímaverkefni

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

## Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi, Jakóbína Gunnarsdóttir Michelsen